

Ed.

786. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 14. gr. B. I. b.

Nýr töluliður bætist inn, sem verði 1. töluliður.

Til kenslu i líffærameinfræði og sóttkveikjufræði — 2800

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS.

Reykjavík 12. júlí 1915.

A fundi háskólaráðsins 24. f. m. var lagt fram brjef frá læknadeild háskólans svohljóðandi:

»Á fundi 17. júní þ. á. samþykkti læknadeildin að fara þess á leit, að alþingi það, er kemur saman í sumar stofni dócentsembætti í almennri sjúkdómafræði og líffærameinfræði (*anatomia pathologica*), blóðvatnsfræði (*serologia*) og sóttkveikjufræði (*bacteriologia*), þannig að embættislaun verði eigi greidd fyrir en í ársbyrjun 1917, og enn fremur, að þingið veiti 2000 kr. til þess að útvega nauðsynlegustu áhöld á vinnustofu þessa kennara«.

Þegar deildin fer fram á þetta, lítur hún bæði á kensluþörf deildar-

innar og gagn almennings, og það hið þriðja, að hún hefir ástæðu til að gera sjer von um, að bráðlega verði vól á manni, sem sje vel fær til þessa starfa.

Deildin hefir fyrir 2 árum borið sig upp undan því, að kenslugreinum væri óhæfilega hrúgað á báða prófessora deildarinnar. Háskólaráðið fjelst þá á ástæður deildarinnar, og i brjefi til stjórnarráðsins fór það fram á, að það legði fyrir alþingi frumvarp um stofnun prófessorsembættis við deildina. Sú málaleitun hefir ekki borið annan árangur en þann, að þegar komið var á Röntgenstofnun, var forstöðumanni hennar gert að skyldu, að kenna einhverja eina grein i læknisfræði, og hefir hann þegar tekið að sjer þann starfa. Þetta er betra en ekki, en hvergi nærri fullnægjandi. Kenslugreinum er enn hrúgað saman um of til þess að unt sje að kenna þær sem skyldi.

Læknadeildin vill taka það fram, að kenslukraftar hennar eru miklu minni en ætla mætti eftir tölu kennaranna. Mikill hluti kennaranna eru sjerfræðingar (að minsta kosti fjórir), sem styrktir eru af landsfje vegna almenningsþarfa, þótt þeim hafi jafnframt verið lögð sú skylda á herðar, að kenna sjerfræðigrein sína við háskólann. Þetta hefir leitt til þess, að i sjerfræðigreinum eru kenslukraftar óvenjulega miklir, en aftur af mjög skornum skamti i aðalgrundvallarfræðunum, sem langmestu máli skifta fyrir allan þorra lækna. Skipulag læknadeildar er i þessu og fleiru óhentugt, en verður ekki kipt i lag nema smámsaman. Stofnun embættis þess, er hjer ræðir um, er spor i þessa átt.

I reglugerð háskólans, 29. gr., er mælt svo fyrir, að þegar því verði komið við, skuli viðhafa verklegar æfingar i sóttkveikjufræði, og eftir fongum fara yfir helstu atriði i líffærameinfræði (þ. e. anatomia pathologica). Deildin sjer ekki, að það sje gerlegt að fresta því lengur að gera ráðstafanir til þess, að þetta geti komið i framkvæmd. Hvergi i læknisfræðinni hafa framfarirnar orðið stórfengilegri á síðustu árum en þessum greinum og blóðvatnsfræði, og sýnilegt að framhalds má vænta i sömu átt. Þessara greina gætir því æ meir, en þær verða um leið svo yfirgripsmiklar, að ekki er orðið mögulegt fyrir aðra en sjerfræðinga að ná svo tökum á þeim að vel sje við unandi, fylgjast með i framförunum og ekki hvað sist hafa á hendi verklegar framkvæmdir. Nú hagar svo til, að starfsemi manns, sem væri fær i þessum greinum, mundi koma að miklu meira líði en því einu að veita nemendum læknadeildar fullnægjandi kenslu i undirstöðuatriðum þessara greina. Þannig getur líf sjúklings oltið á smásjárrannsókn á æxlum o. fl., en slik rannsókn er oft og einatt svo vandasöm, að ekki er annara meðfæri en æfðra lækna, sem sjerstaklega hafa lagt stund á þess konar. En slikt lægi einmitt undir starfssvið þess kennara, sem deildin óskar eftir. Erlendis er i hverjum háskólabæ, og víðar, vól á slikum lækni, sem hinir geta snúið sjer til i vafasömum tilfellum, og ekki þeir einir, sem næstir eru, heidur má senda þessa hluti til rannsóknar langar leiðir. Hjer á landi er ekki og hefir ekki til þessa, verið nokkur læknir, sem gæti fengist við þess konar rannsóknir, þær sem vandasamastar eru, og er það einatt bagalegt, og mundi slikur læknir geta komið landinu öllu að líði.

Þá er ekki síður titt að sóttkveikjurannsóknir sjeu nauðsynlegar. Einföldustu rannsóknir á algengustu sóttkveikjum eiga að visu allir læknar að vera færir um að gera, en til erfíðari og viðtækari rannsóknar eigum vjer enn engan lækni, en þetta atriði liggur einnig undir verksvið þess kennara, sem

deildin vonast til að hún fái. Þess konar rannsóknir þarf einatt að framkvæma er sóttvörnum skal beita, og mundi því vera í þágu landsins alls.

Að visu hefir verið hjer í Reykjavík síðasta árið gerlarannsóknarstofa, en henni veitir forstöðu maður, sem er ekki læknir, og deildin litur svo á, að hve fær sem maður kann að vera til gerlarannsókna, verði verk hans aldrei eins haldkvæmt til rannsóknar á sóttkveikjum manna og læknis, sem væri jafnfær til hins verklega í rannsókninni. Hvern annan en lækni hlýtur að bresta svo margt, sem veitir viðtækari skilning í ýmsum vafatilfellum. Auk þess telur deildin hæpið að trúandi sje fyrir slíku starfi öðrum en þeim, sem notið hafa mjög langrar og góðrar kenslu í þessum greinum.

Það þarf ekki að fjölyrða um það, hve mikið blóðvatnsfræði gætir nú orðið í læknisfræðinni. Allir vita að með aðstoð hennar hefir þegar tekist að viðhafa blóðvatnslækningar, bæði við menn og skepnur, er koma þar að gagni sem áður voru engin ráð. Hitt er ef til vill ekki eins kunnugt öðrum en læknum, að blóðvatnsrannsóknir má einatt nota til þess að taka af tvímæli um eðli sóttar, þegar vafi er á, og getur því aðstoðað sóttvarnir að miklum mun; heilsufræðisrannsóknir og rjettar læknisfræðis, sumar hverjar, standa á þessum sama grundvelli. Þannig má stundum með blóðvatnsrannsóknnum komast að raun um fölsun matmæla o. fl., sem ekki væri unt á annan hátt.

Á þessar rannsóknir litur deildin á sama hátt og sóttkveikjurannsóknir. Hún telur nauðsynlegt að þær sjeu framkvæmdar af sjerfræðing, sem bæði sje læknir og þaulæfður í þeim og kennarinn í þessum greinum, sem að ofan voru taldar, væri sjálfsgður til þess.

Deildin fer fram á að fjárveiting til þessa embættis sje ekki veitt fyr en frá ársbyrjun 1917. Maður sá, er hún vonar að fáist í þetta embætti, hefir að visu í meira en eitt ár lagt stund á þessar fræðigreinar á góðum stöðum, en deildin óskar að hann fái enn lengri undirbúning, og með hálfis annars árs starfa hjer eftir í sömu átt, telur hún hann muni verða vel færar, þar sem um reglusaman hæfilegleikamann er að ræða.

Að því er snertir tillöguna um fjárframlag til þess að kaupa nauðsynlegustu áhöld til vinnustofu handa þessum kennara, þá segir það sig sjálft að vinnustofa er óhjákvæmileg. Mikið af starfsemi hans við kensluna verður verklegt, og nálega öll starfsemi hans í þarfir annara lækna og hins opinbera mundi verða verkleg. Upphæðin er svo numin við neglur sjer sem deildin sjer frekast fært.

Af ofangreindum ástæðum leyfir læknadeildin sjer að snúa sjer til háskólaráðsins með þeirri ósk, að það veiti þessari málaleitun fylgi sitt, og beri hana fram fyrir stjórnarráð eða alþingi eða hvorttveggja ef þess þarf.

Háskólaráðið samþykkti út af erindi þessu svohljóðandi tillögu í einu hljóði:

»Háskólaráðið veitir beiðni læknadeildarinnar sín bestu meðmæli og telur rektor að bera málið fram á þann hátt, sem hann telur best við eiga«.

Samkvæmt þessu leyfi jeg mjer virðingarfylst, að senda hinu háa Alþingi málaleitun þessa, og mælist til að þingið verði við þessum óskum læknadeildarinnar.

Jón Helgason.

Til Alþingis 1915.